

SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulaginu Hafnarfjörður Miðbær - Lækjargata 2 og Suðurgata 7

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 09.02.2018 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna við Lækjargötu 2 og Suðurgötu 7 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr.123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu Hafnarfjörður Miðbær.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að á lóðinni Lækjargata 2, þar sem "Dvergurinn" stóð áður, verði heimilt að reisa 5 hús ásamt sameiginlegrí bílageymslu í kjallara. Lóðarmörkum á götuhiðum verði hliðrað til og kvöð um gönguleið verði inn á lóðina frá Brekkugötu. Landnotkun lóðarinnar verði óbreytt og í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 – 2025. Gert er ráð fyrir íbúðum, verslun og þjónustu á lóðinni. Á lóð austan Suðurgötu 7 verði kvöð um bílastæði felld úr gildi, einnig kvöð um aðkomu að þeim nyrst á lóð Suðurgötu 7, þess í stað verði þar kvöð um gönguleið. Kvöð um skrifstofur á 2.hæð Suðurgötu 7, í "Góðtemplarhúsinu", verði felld úr gildi og heimilt verði að setja glugga og dyr á austurhlíð hússins. Lóð austan Suðurgötu 7 verði opið almenningssvæði.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhellu 2 frá 09.05. til 20.06.2018. Einnig er hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á hafnarfjordur.is.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 20.06.2018. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagsþjónustu.
Skipulagsfulltrúi.

HAFNARFJARÐARBÆR

RÁDHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER

OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500

hafnarfjordur.is



5/7/2018

Prentsýn

Útgáfud.: 9. maí 2018

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarbær

Breyting á deiliskipulaginu Hafnarfjörður Miðbær - Lækjargata 2 og Suðurgata 7.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 9. febrúar 2018 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðanna við Lækjargötu 2 og Suðurgötu 7 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr.123/2010. Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu Hafnarfjörður Miðbær.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að á lóðinni Lækjargata 2, þar sem „Dvergurinn“ stóð áður, verði heimilt að reisa 5 hús ásamt sameiginlegrí bílageymslu í kjallara. Lóðarmörkum á götuhiðum verði hliðrað til og kvöð um gönguleið verði inn á lóðina frá Brekkugötu. Landnotkun lóðarinnar verði óbreytt og í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025. Gert er ráð fyrir íbúðum, verslun og þjónustu á lóðinni. Á lóð austan Suðurgötu 7 verði kvöð um bílastæði felld úr gildi, einnig kvöð um aðkomu að þeim nyrst á lóð Suðurgötu 7, þess í stað verði þar kvöð um gönguleið. Kvöð um skrifstofur á 2.hæð Suðurgötu 7, í „Góðtemplarhúsinu“, verði felld úr gildi og heimilt verði að setja glugga og dyr á austurhlíð hússins. Lóð austan Suðurgötu 7 verði opið almenningssvæði.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhellu 2, frá 9. maí til 20. júní 2018. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is. Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 20. júní 2018. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

**Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar,
skipulagsfulltrúi.**

201803256